

**Athugasemdir við frumvarp um breytingu á lögum um velferð dýra  
þingskjal 908 mál nr. 543.**

**Gert af: Kristjáni Þorbjörnssyni Gilsstöðum Vatnsdal A-Hún. f.h. hrossabænda á Norðurlandi sem halda hryssur til blóðtöku.**

Frumvarp þetta er stutt, eða ein setning sem er á þessa leið. „Bannað er að taka blóð úr fylfullum merum í þeim tilgangi að selja það eða vinna úr því vöru til sölu.“ Greinargerð frumvarpsins hefst á því að segja að framleiðsla dýrablóðs sé iðnaður. Að halda hross er landbúnaður og ekkert annað, hvaða grein sem við tekur og vinnur úr landbúnaðarafurðum frekari vöru. Þá er í greinargerðinni vitnað í hrossahald og fleira sem fram fer í öðrum löndum og þar um notaðar fullyrðingar sem ekki er séð að byggðar séu á rannsóknum eða staðfestum athugunum.

Bændur og aðrir sem halda hross og taka blóð úr hryssum eru margir hverjir búnir að halda hross og önnur dýr í fjölda ára. Þeir kappkosta að fara vel með öll sín dýr en gera það á mismunandi hátt eins og gengur. Í öllu dýrahaldi koma upp álitamál og eins er um þá grein sem hér um ræðir en eftirlit með búfjárhaldi er mikið og það grípur inn í ef þörf er á en slíkt er afar fátítt. Blóðtaka úr hryssum nær yfir um 12 vikur. Einu sinni í viku kemur dýralæknir sem annast blóðtökuna og fylgist hann með ástandi hryssuhópsins í hvert sinn. Bændur búa við þann munað að dýralæknar eru undantekningalaust miklir fagmenn og er þeim að fullu treystandi til að grípa inni í ef einstaklingur úr hjörð eða hjörðin öll er illa haldin. Þetta eina atriði ætti að vera nægileg staðfesting á því að vel er að þessum málum staðið. Vanhöld húsdýra eru alltaf einhver en vanhöld á hryssum og folöldum eru afar lítil og lang undir því sem er hjá öðrum húsdýrum.

Niðurstaðan er einföld. Bændum, sem halda hryssur til blóðframleiðslu, er að fullu treystandi til að gera það á þann hátt að velferð þeirra sé tryggð og ef svo ólíklega vildi til að einhverju væri ábótavant þá er dýralæknar sem annast blóðtöku meira en vel hæfir til að óska úrbóta eða annarra aðgerða ef þörf er á. Matvælastofnun er síðan með sitt eftirlit og þar með er umgjörð þessarar búgreinar í góðu horfi.

Frumvarp þetta á því engan rétt á sér enda er með því verið að ráðast að atvinnufrelsi lítills hóps sem í hvívetna hefur farið að þeim reglum sem um dýrahald gilda. Útilokað er að réttlæta framlagningu þessa frumvarps enda kemur fram í málflutningi og greinargerð flutningsmanna ósannar fullyrðingar auk lítillar þekkingar á þessu dýrahaldi.

Bændur á Norðurlandi, sem framleiða blóð úr hryssum eru því alfarið á móti þessu frumvarpi.